

A photograph of two chefs in a kitchen. The chef on the left is a woman with blonde hair, wearing a white chef's hat and a white chef's coat with black trim. She is focused on piping pink frosting onto a baking tray. The chef on the right is a man wearing a white chef's hat and a black chef's coat with red trim. He is looking down at the tray, observing the woman's work. The background shows a typical kitchen environment with stainless steel surfaces and equipment.

Að sækja um í Erasmus+

Stutt umfjöllun um ECAS skráningu, PIC-kóða og umsóknareyðublað

Eyrún Sigurðardóttir

Til að sækja um í Erasmus+ þarf:

- ECAS aðgang
- PIC-kóða
- Útfyllt og undirritað umsóknareyðublað skilað rafrænt ásamt fylgigögnum

Mikilvægt

**Byrjaðu ferlið tímanlega, ef vandamál
koma upp þarf að hafa rúman tíma til að
leysa úr þeim**

ECAS

- ECAS er vefgátt Framkvæmdastjórnar ESB (European Commission Authentication Service) sem veitir aðgang að ýmsum stafrænum kerfum sem þróuð eru og notuð af evrópskum stofnunum
- Áður en sótt er um styrk í Erasmus+ þarf að skrá stofnunina/lögaðilann inn á ECAS.
 - Hægt er að skrá sig inn á ECAS [hér](#)
 - Hægt er að nálgast myndrænar leiðbeiningar um skráningu á ECAS [hér](#)
- ECAS aðgangur er síðan notaður til að skrá stofnunina/lögaðilann inn í URF (Unique Registration Facility) til að sækja svokallaðan PIC-kóða
- Athugið að þeir sem þegar hafa ECAS aðgang þurfa ekki að sækja um hann aftur

PIC-kóði

- PIC-kóði er sérlegur einkenniskóði fyrir hverja stofnun/lögaðila.
- Einungis eitt PIC-númer þarf fyrir hverja stofnun/lögaðila, því þurfa þeir sem þegar hafa fengið úthlutað PIC-kóða ekki að sækja nýjan kóða heldur nota þann kóða sem er í gildi.
- Þar sem aðeins einn PIC-kóði skal vera fyrir hverja stofnun þá mælum við með að skráningin fari fram miðlægt, þ.e. að aðalskrifstofa eða starfsmenn sem tengjast rekstri stofnunarinnar beint sjái um skráninguna
- Hægt er að fletta upp hvort stofnunin þín sé þegar komin með PIC-kóða [hér](#)

Að sækja PIC-kóðann

- Áður en sótt er um styrk í Erasmus+ þarf að skrá stofnunina/lögaðilann sem sækir um á eftirfarandi hátt:
 - Skráðu þig inn á þátttakandagáttina (Participant Portal) með ECAS aðganginum þínum [hér](#)
 - Skráðu stofnunina þína/lögaðilann þinn inn í URF (Unique Registration Facility) til að sækja PIC-kóðann.
 - Framkvæmdastjórn ESB hefur gefið út handbók um hvernig staðið er að þessari skráningu. Handbókina má nálgast [hér](#)

Nokkrir punktar varðandi skráningu í URF (PIC)

- Stjórnumerakta reiti er skylt að fylla út
- Ekki er hægt að halda áfram eða ljúka skráningu án þess að fylla út í skyldureiti
- Sé ekki fyllt út í skyldureit koma villuskilaboð og skilaboð um hvaða upplýsingar vantar
- Nánari upplýsingar um hvað skal skrá í hvern reit er hægt að fá með því að færa bendilinn yfir viðkomandi reit
- Hægt er að vista skráninguna áður en henni er lokið og opna hana aftur síðar. Það er gert með því að smella á „Save draft“ þar sem það er í boði. Þá vistast upplýsingarnar sem búið er að skrá. Til að halda áfram með vistaða skráningu er smellt á „Resume registration“ eftir innskráningu.
- **Mikilvægt:** Ekki smella á „Finish registration“ fyrr en búið er að skrá inn Erasmus+ prógramið í felliglugga á sömu síðu og setja inn frekari upplýsingar þar

Registration of an organisation - Google Chrome
https://ec.europa.eu/research/participants/urf/secure/program.do

English(en)

WELCOME ORGANISATION ADDRESS CONTACT PROGRAMME SUBMIT DONE

Programme-specific data
Thank you for completing the first step in registering your organisation.
Now you can either:
- finish your registration and receive the Participant Identification Code, or
- provide additional information relating to a Specific Programme: select a Specific Programme from the list on the right-hand side and follow the instructions in the submission form pages that will open for the specific programme (you will return to the current page when done).

Programme-Specific Information
You can finish the first step of the registration and get a PIC or you can come back later if you saved your draft.

[Finish your registration](#)

Ekki smella hér strax

You can also continue your registration with filling in program specific information. After filling-in, you will return here and you can finish your registration.

Programme :

< Back Save Draft Delete Draft Close

Athugið
Áður en smeltt er á „Finish your registration“ verður að velja Erasmus+ í fellilistanum „Programme“



Erasmus+



Fylgigögn fyrir staðfestingu PIC

- Til að hægt sé að staðfesta tilvist stofnunar fyrir umsókn þurfa að fylgja ákveðin gögn með
 - Fyrst og fremst þarf afrit af formlegri skráningu stofnunar/lögaðila
- Gögnin þarf að setja inn í þátttakandagáttina eftir að stofnunin hefur verið skráð.
Leiðbeiningar um þetta má finna [hér](#)

Rafræna umsóknareyðublaðið

Hægt er að sækja rafræn eyðublöð á
www.erasmusplus.is



Erasmus+



Um umsóknareyðublaðið

- Umsóknarferlið er rafrænt, sem þýðir að þú fyllir út og skilar umsókninni á netinu. **Ekki** þarf að skila inn prentuðu afriti af umsókninni.
- Umsóknareyðublaðið er pdf-eyðublað sem hægt er að opna með nýlegri útgáfu af Adobe Reader.
- Adobe Reader má sækja ókeypis [hér](#)
- Gakktu úr skugga um að eldveggir trúfli ekki

Að fylla út umsókn

- Umsóknareyðublaðið þarf að vista sem pdf-skjal inn á tölvuna sem unnið er á. Lokaðu vafraglugganum og opnaðu umsóknareyðublaðið þar sem þú vistaðir það í tölvuna.
- Fylltu út umsóknareyðublaðið í tölvunni.
- Vistaðu reglulega svo að þú tapir ekki þeim upplýsingum sem þú hefur sett inn.

Að fylla út umsókn

- Umsóknin er gagnvirk, sem þýðir að svör sem þú gefur á einum stað hafa áhrif á önnur svör og útreikninga síðar í eyðublaðinu. Það er því mikilvægt að þú fyllir út umsókn frá upphafi til enda.
- Sendu umsóknina þína inn rafrænt fyrir lok umsóknarfrests. Þú verður að vera tengd/ur við internetið til að senda inn umsóknina. Smelltu á „Submit online“ til að senda umsóknina inn. Ef sendingin heppnast ætti að birtast staðfesting á því.

Að fylla út umsókn

- Rauða reiti í eyðublaðinu er skylda að fylla út og ekki er hægt að senda inn umsóknina nema að hafa gert það.
- Gráir reitir í umsóknarforminu eru færðir inn sjálfvirkt út frá upplýsingum í gagnaböndum og frammar í eyðublaðinu. Umsækjandinn getur ekki fært inn í þessa reiti.
- Á hverri síðu má finna „staðfestingar hnapp“ (e. Validate) en með honum tryggir þú að fyllt hafi verið í alla þá reiti sem nauðsynlegir eru.
 - Ef upplýsingar vantar í umsóknina birtist gluggi og þér er vísað í fremsta reitinn sem upplýsingar vantar í.
 - Ef umsóknin er rétt útfyllt færð þú skilaboð um að umsóknin sé staðfest.

Að fylla út umsókn

- Það má finna plús og mínus hnappa á ýmsum stöðum í umsókninni sem þú notar til að bæta við eða eyða röðum fyrir texta.
- Til þess að reikna fjarlægðir og ferðakostnað fyrir fjárhagshluta umsóknarinnar, skal taka mið af niðurstöðum reiknivélar fyrir vegalengdir. Reiknivélina má finna [hér](#)

Undirskrift og viðhengi

- Undirskrift umsóknar
 - Síðu fyrir undirskrift þarf að prenta út
 - Löggiltur fulltrúi skrifar undir umsóknina
 - Skannaðu inn undirrituðu síðuna
 - Vistaðu skrána á tölvuna þína og settu nafn þitt og stofnunar þinnar í skráarheiti
 - Settu skannaða skjalið með undirskriftinni í viðhengi í umsókninni
- Viðhengi
 - Öll skjöl sem þurfa að fylgja með umsókninni skulu sett í viðhengi
 - Einungis er mögulegt að senda fimm fylgiskjöl með hverri umsókn að hámarki 10 MB.
 - Ef fleiri en fimm skjöl þurfa að fylgja með skal sameina einhver þeirra í eitt skjal. Til dæmis ef nauðsynlegt er að senda afrit af fleiri en einum samstarfssamningi má skanna þá alla inn í sama skjalið

Gott að hafa í huga

- **Byrjaðu ferlið tímanlega**
- Gakktu úr skugga um að öll fylgigögn sem þurfa að fylgja með umsókninni séu í viðhengi, þar með talið **undirskrift**
- Vistaðu útfylltu umsóknina undir lýsandi nafni á góðum stað í tölvunni þinni, svo þú eigir afrit af henni. Þú gætir þurft að skoða hana aftur síðar. Einnig er hægt að prenta umsóknina út með því að smella á „Print form“.

Ef þið lendið í vandræðum

Ef þið lendið í vandræðum með rafræna umsóknareyðublaðið eða PIC-kóðann getið þið haft samband í tölvupósti

eyrun.sigurdardottir@rannis.is

Takk fyrir og gangi ykkur vel